



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um veðmálasíður Flutningsaðili: ÍBR og ÍRB

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af þeirri ólöglegu og umfangsmiklu starfsemi sem erlend veðmálafyrirtæki stunda hér á landi. Starfsemin, sem viðgengst óáreitt, er alvarleg ógn við heilindi íþrótta og lýðheilsu, sér í lagi ungs fólks, og gengur gegn gildum íþróttahreyfingarinnar um heilbrigði, heiðarleika og sanngirni. Þingið gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við þátttöku íslenskra áhrifavalda og annarra áberandi einstaklinga í markaðssetningu á þessari ólöglegu starfsemi og hvetur þá til að endurskoða þátttöku sína.

Þingið felur framkvæmdastjórn ÍSÍ að:

Standa fyrir fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar um skaðsemi veðmála, áhrif þeirra á heilindi íþrótta og á velferð iðkenda.

Vekja athygli stjórnvalda á vandanum og hvetja þau til að beita öllum tiltækum leiðum til að hefta aðgengi að ólöglegum veðmálasíðum, enda er aðgangstakmörkun þekkt og árangursrík forvörn.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur aðgengi að netveðmálum aukist gríðarlega og hefur það haft víðtæk áhrif á samfélagið. Markaðurinn fyrir netveðmál hefur tekið miklum breytingum með tilkomu erlendra veðmálafyrirtækja sem starfa án leyfis og miða auglýsingar sínar sérstaklega að ungu fólki, einkum körlum á aldrinum 18–25 ára – hópi sem er í mestri hættu á að þróa með sér spilavanda.

Íslenskar getraunir eru með einkaleyfi fyrir íþróttaveðmál og er megináhersla lögð á ábyrga spilamennsku og samfélagslega ábyrgð. Þetta er gert með skýrum takmökunum á framboði veðmála og takmörkuðu aðgengi til spilunar. Rannsóknir sýna að með þeirri nálgun sem ÍG vinnur eftir eru hverfandi líkur á að hægt sé að þróa með sér spilafíkn. Ágóði sem til verður af starfseminni rennur til almannaheillaverkefna.

Starfsleyfi hafa verið gefin út í Danmörku og þar fer mikill tími hjá yfirvöldum í að loka fyrir þær vefsíður sem ekki hafa slíkt leyfi. Þessi leið var farinn til að reyna að tryggja skatttekjur af ólöglegri starfsemi sem var í landinu eins og er hér á landi núna. En afleiðingarnar eru sláandi.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Árið 2009 voru um 50 þúsund Danir skilgreindir með spilafíkn og af þeim var um 7% undir 25 ára aldri. Í dag árið 2025 eru spilafíklar í Danmörku orðnir 500 þúsund og um 48% þeirra undir 25 ára aldri. Þannig sjá má að starfsleyfaleiðin er varhugaverð þó að mikil umræða hafi verið um að fara þá leið hér á landi að undanfögnu. Vert er að nefna að um 40–50% af tekjum veðmalafyrirtækja koma frá þeim 2–3% viðskiptavina sem eiga við spilafíkn að stríða. Þetta vekur spurningar um siðferði þess að byggja upp skatttekjur á veikleika þessa hóps.

Markaðssetning erlendra aðila er ágeng og sérstaklega miðuð að ungu fólki, með samstarfi við áhrifavalda, gjafakorta og inneigna og jafnvel með stuðningi við viðburði á vegum skólafólks. Þessi þróun hefur einnig áhrif á heilindi íþrótta, þar sem veðmál tengjast jafnvel leikjum yngri flokka og geta haft áhrif á ákvarðanir þjálfara og leikmanna.

Spilafíkn hefur alvarlegar félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar, þar á meðal sjálfsvígstilraunum, fjárhagserfiðleikum og fjölskylduvandamálum. Það kallar á aukið forvarnastarf og skýrari lagaramma. Ýmis Evrópuríki hafa þegar gripið til aðgerða, svo sem að loka fyrir greiðslur til ólöglegra vefja og útiloka aðgang í gegnum netveitur. Íslenskir bankar hafa sumir stigið skref í þessa átt með aðgerðum eins og sjálfvirkri lokun fyrir veðmál hjá viðskiptavinum undir 18 ára aldri. Íslandsbanki hefur sagt að ástæða þess að þeir lokuðu fyrir aðgerðir hjá þeim sem ekki hafa náð 18 ára aldri er að velta á kortum hjá þessum hópi í bankanum á ólöglegum veðmálasíðum fór úr 10 milljónum árið 2023 í 50 milljónir 2024.

Íþróttahreyfingin vill standa vörð um heilindi íþrótta og efla umræðu um áhrif veðmála á samfélagið og mun beita sér í opinberri umræðu um mikilvægi þess að áfram verði nýttar aðgangstakmarkanir að veðmálum til að tryggja forvarnir og ábyrga spilun.